



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 6. nóvember 2014
1411010 IE

Efni: Umsögn um frv. til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, 207. mál.

Með tölvubréfi dags. 24. október 2014 óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um frv. til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, 207. mál, þskj. 233, lþ. 144.

Með frumvarpinu er lagt til að sjö af níu úrskurðarnefndum verði sameinaðar í eina og er tilgangurinn með þessari breytingu að auka hagkvæmni og bæta vinnubrögð. Jafnréttisstofa fagnar breytingum sem eru til þess ætlaðar að bæta þjónustu stjórnarsýslunnar við borgarana og tryggja réttarstöðu þeirra.

Jafnréttisstofa er sammála því að kærunefnd jafnréttismála verði ekki sameinuð þessari úrskurðarnefnd, enda að því stefnt að því að hún fái mun umfangsmeira hlutverk á nýjum réttarsviðum innan tíðar.

Um 2. gr.

Í sambandi við skipan nefndarmanna minnir Jafnréttisstofa á 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla um skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Gæta þarf að því að hlutfall kynja í nefndum sé sem jafnast og ekki minna en 40%, séu fulltrúar fleiri en þrír. Sama á við um skipan matsnefndar lið nr. 2 í greininni.

Um 1. mgr. 9. gr.

Jafnréttisstofa telur að kveða eigi á um það í lagaákvæðinu að úrskurðir og álit verði birt. Því er lagt til að orðið *helstu* í fyrsta málslið verði fellt út. Opinber birting úrskurða og álita er til þess fallin að bæta réttaröryggi og auka gagnsæi og þannig bæta stöðu borgaranna og þjónustu við þá.

Um 2. mgr. 9. gr.

Það er mjög gott að úrskurðarnefndin skuli eiga að skrifa skýrslu um störf sín. Því er velt upp hér hvort ekki væri ástæða til að kveða á um að upplýsingar t.d. um leiðbeinandi reglur sem nefndar eru, yrðu birtar t.d. á heimasíðu úrskurðarnefndarinnar. Slík birting gæti verið til mikils gagns fyrir almenning og önnur stjórnvöld.



Jafnréttisstofa

Um 11. gr.

Jafnréttisstofa veltir upp þeim kosti að bæta inn í ákvæðið að í reglugerðinni skuli kveðið nánar á um skýrsluna sem á að skila skv. 2. mgr. 9. gr. Nánari útfærslu á efni hennar, hvernig því verði fylgt eftir að hún verði gerð, hvaða upplýsingar úr skýrslunni ættu að vera aðgengilega almenningu, að upplýsingar séu kyngreindar og þ.u.l.

Sé óskað frekari athugasemda eða upplýsinga þá veitir undirrituð þær fúslega.

Virðingarfyllst,
f.h. Jafnréttisstofu

Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur